

Fulltrúi skipulags- og byggingarmála  
Skaftárhreppur  
Klausturvegi 10  
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 21. ágúst 2015  
UST201508-049/K.S.J.  
10.04.02

### Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 – 2022, Kirkjubæjarklaustri

Vísað er til erindis fulltrúa skipulags- og byggingarmála í Skaftárhreppi er barst 11. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 – 2022.

Í ofangreindri tillögu eru áætlaðar margar aðalskipulagsbreytingar á svæði í og við Kirkjubæjarklaustur m.a. nýtt efnistökusvæði og iðnaðarsvæði þar sem áður var sorporkustöð er fellt út.

#### Iðnaðarsvæði

Umhverfisstofnun tekur undir breytingu þar sem reitur 1-2 er tekinn út.


#### Efnistökusvæði


Í umfjöllun um efnistökusvæði kemur fram að tillaga að breytingu um að bæta við nýju efnistökusvæði E-2 sem er í Skaftá. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað verði að því að koma í veg fyrir landbrot sem gæti orðið vegna efnistökkunnar. Einnig bendir stofnunin á að það þarf leyfi frá Fiskistofu fyrir efnistöku úr árfarvegi.

#### Veitur

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um hreinsun fráveitu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri